

Nd.

280. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. 7. kafli orðist svo:

Grænmeti, nýtt og þurrkað:

| | Toll- eining | Vöru- magns- tollur Aurar | Verð- tollur % |
|--------------------|-----------------|------------------------------------|----------------------|
| 1 Ætisveppir | 1 kg | 7 | 50 |
| 2 Tómötur | — | 7 | 10 |
| 3 Laukur | — | 7 | 10 |
| 4 Kartöflur | 50 kg | 200 | |

| | Toll- eining | Vöru- magns- tollur Aurar | Verð- tollur % |
|---|--------------------|------------------------------------|----------------------|
| Belgávextir, ót. a.: | | | |
| 5 — nýir | | | 8 |
| 6 — þurrkaðir | | | 8 |
| Grænmeti annað, ót. a.: | | | |
| 7 — nýtt | 1 kg | 7 | 10 |
| 8 — þurrkað | — | 7 | 10 |
| 2. Í stað nr. 36—39 í 8. kafla komi: | | | |
| 36 Hnetur, einnig muldar, ót. a. | — | 7 | 10 |
| 3. Nr. 15 í 11. kafla orðist svo: | | | |
| 15 Kartöflumjöl og maíssterkja | | | 8 |
| 4. Í stað orðsins „kopra“ í fyrirsögninni að 12. kafla komi orðin: oliufræ, oliurík aldin. | | | |
| 5. Nr. 8 í 12. kafla orðist svo: | | | |
| 8 Oliufræ og oliurík aldin, einnig mulin | | | 8 |
| 6. Nr. 3 í 15. kafla orðist svo: | | | |
| 3 — óleóargaríni | — | 2 | 8 |
| 7. Nr. 26 í 15. kafla orðist svo: | | | |
| 26 Vax úr jurta- og dýraríkinu, ót. a. | — | 7 | 15 |
| 8. Nr. 11 í 17. kafla falli niður. | | | |
| 9. Nr. 18 í 17. kafla orðist svo: | | | |
| 18 Lakkrisvörur og sykraudur lakkris | — | 420 | 35 |
| 10. Nr. 9 í 21. kafla orðist svo: | | | |
| 9 Litað sykurvatt með kjörnum | — | 7 | 50 |
| 11. Í stað orðanna „ekki greiða verðtoll“ í athugasemd við nr. 5 í 28. kafla komi: hvorki greiða vörumagnstoll né verðtoll. | | | |
| 12. Nr. 13 í 28. kafla orðist svo: | | | |
| 13 — aðrar | — | 7 | 8 |
| 13. Í stað nr. 1—2 í 38. kafla komi: | | | |
| Loðskinn: | | | |
| 1 — óunnin | — | 7 | 30 |
| 2 — unnin, en ósaumuð | — | 7 | 50 |
| 3 Vörur úr loðskinnum | — | 20 | 70 |
| 14. Á eftir orðunum „fura og greni“ í fyrirsögninni að nr. 1—7 í 40. kafla bætist: þar með talinn hemlockviður. | | | |
| 15. Á eftir nr. 11 í 40. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi: | | | |
| 11a — lindiviður | 1 fet ³ | 10 | 8 |
| 16. Nr. 38 í 40. kafla orðist svo: | | | |
| 38 Skósmíðaleistar | 1 kg | 7 | 15 |
| 17. Orðin „um frystan fisk til útflutnings“ í nr. 33 í 44. kafla falli niður. | | | |
| 18. Nr. 38 í 50. kafla orðist svo: | | | |
| 38 — aðrar, einnig þótt undirlagið sé pappi eða pappir eða án undirlags | — | 2 | 8 |
| 19. Nr. 39 og 40 í 50. kafla orðist svo: | | | |
| 39 — ef vefnaðurinn er úr silki, gervisilki eða öðrum gervipráðum | — | 20 | 40 |
| 40 — annars | — | 20 | 30 |
| 20. Nr. 2 í 52. kafla orðist svo: | | | |
| 2 — regnkápur | — | 20 | 50 |
| 21. Nr. 9 í 54. kafla falli niður. | | | |
| 22. Nr. 1 í 60. kafla orðist svo: | | | |
| 1 Gler, glerbrot, mulið gler, glerungur og glerull | — | 1 | 8 |

| | Toll- eining | Vöru- magns- tollur Aurar | Verð- tollur % |
|---|-----------------|------------------------------------|----------------------|
| 23. Í stað nr. 16—19 í 60. kafla komi: | | | |
| Flöskur, glös, niðursuðuglös, sultukrukkur, brúsar og önnur þvílík glerilát til umbúða, ót. a.: | | | |
| 16 — mjólkurflöskur | — | 1 | 2 |
| 17 — flöskur og glös (sívöl), ót. a., 1 l eða minni | — | 2 | 8 |
| 18 — niðursuðuglös | — | 2 | 8 |
| 19 — annað | — | 7 | 15 |
| 24. Í stað nr. 9 og 10 í 63. kafla komi: | | | |
| 9 Vir úr járni og stáli, ót. a. | — | 2 | 8 |
| Aths.: Vir er málmþráður 10 mm í þvermál eða grennri. | | | |
| 25. Nr. 33 í 63. kafla orðist svo: | | | |
| 33 — snjókeðjur á bifreiðar | — | 2 | 10 |
| 26. Í stað nr. 83 og 84 í 63. kafla komi: | | | |
| 83 Búsáhöld, ót. a. | — | 7 | 30 |
| 27. Nr. 103 í 63. kafla orðist svo: | | | |
| 103 Skósmíðaleistar | — | 7 | 15 |
| 28. Í stað nr. 23 og 24 í 64. kafla komi: | | | |
| 23 Búsáhöld, ót. a. | — | 7 | 30 |
| 29. Í stað nr. 5 og 6 í 65. kafla komi: | | | |
| 5 Búsáhöld, ót. a. | — | 7 | 30 |
| 30. Í stað nr. 9 og 10 í 66. kafla komi: | | | |
| 9 Búsáhöld, ót. a. | — | 7 | 30 |
| 31. Í stað nr. 2 í 71. kafla komi: | | | |
| Borðhnífar, gafflar og alls konar skeiðar úr ódýrum málmum: | | | |
| 2 — með góðmálmshúð | — | 7 | 30 |
| 2a— annað | — | 7 | 30 |
| 32. Nr. 40 í 73. kafla orðist svo: | | | |
| 40 — þvottavélar | — | 7 | 10 |
| 33. Á eftir nr. 40 í 73. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi: | | | |
| 40a — hrærivélar | — | 7 | 10 |
| 34. Nr. 21 í 77. kafla orðist svo: | | | |
| 21 — gasmælar og vatnsmælar | — | 7 | 8 |
| 35. Nr. 2 í 85. kafla orðist svo: | | | |

Til góðmálma teljast þessar vörur ekki, nema bolurinn og/eða hettan að öllu eða verulegu leyti sé úr góðmálmi.

2. gr.

m-liður 2. gr. laganna falli niður, en n-liður verði m-liður.

3. gr.

Á eftir d-lið 3. gr. laganna komi fjórir nýir stafliðir, svo hljóðandi:

- e. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af filmum, sem notaðar eru til litografprentunar.
- f. Meðan heimildin í 8. lið 1. gr., l. nr. 61 21. apríl 1943 er í gildi, að lækka til samræmis tollana eftir nr. 9 í 21. kafla tollskrárinnar.
- g. Að heimta ekki aðflutningsgjöld af vörum, sem sendar eru hingað til lands til viðgerðar eða annarrar aðvinnslu, eða af vörum, sem settar eru hér á land um stundarsakir til áframhaldsflutnings til annarra landa, enda komi kostnaður tollstjórnarinnar af eftirlitinu með flutningi varanna og geymslu á þá, sem fá undanþágurnar.
- h. Að undanþiggja hvers konar aðflutningsgjöldum efni í tunnur, sem ætlaðar eru til umbúða um innlendar framleiðsluvörur, svo og hampgarn til veiðar-

færagerðar. Ráðuneytið getur með reglugerðarákvæðum skilgreint það nánar, hvaða vörur falli undir þessa undanþágu, svo og sett fyrirmæli til þess að tryggja það, að vörur þessar verði raunverulega notaðar í nefndu skyni.

4. gr.

3. málsg. 7. gr. laganna orðist svo:

Nú eru saman í umbúðum vörur, sem mishár vörumagnstollur er á, og skal þá greiða vörumagnstoll af hverri vörutegund fyrir sig, og skal umbúðapunganum jafnað hlutfallslega niður á vörutegundirnar og þannig greiddur tollur af hverri tegund um sig.

5. gr.

5. mgr. 10. gr. laganna („greiða skal toll af afslætti . . .“) orðist svo:

Engan toll skal greiða af afslætti eða öðrum frádrætti, sem kaupanda aðfluttrar vöru er veittur, ef um er að ræða afslátt eða annan frádrátt, sem almennt er veittur í viðskiptum eða venjulega er gildandi um vissar vörutegundir. Ef deila rís um það, hvort frádráttur skuli tekinn til greina, sker fjármálaráðuneytið úr, og er úrskurður þess fullnaðarúrskurður um deiluna.

6. gr.

Síðasta málsgrein 13. gr. laganna orðist svo:

Ef nauðsynlegt þykir að ganga úr skugga um það, hvort þeir, sem fá verðtollsvörur frá útlöndum, leggja fram rétt gögn um tollverð varanna, skal tollstarfsmönnum heimilt, hvort sem er við tollskoðun eða síðar, að fengnum skriflegum úrskurði tollfyrivalds, að athuga verzlunarbækur hlutaðeigandi, bréfaviðskipti og önnur skjöl, sem að dómi tollfyrivalds geta veitt upplýsingar um nefnd atriði.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum er úr gildi numinn 11. liður, 31. liður og nr. 2 í 44. lið 1. gr. laga nr. 56 4. júlí 1942, um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl., nr. 36—39 í 1. gr. laga nr. 98 16. des. 1943, um sama efni, svo og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Á síðast liðnu ári mæltist fjármálaráðuneytið til þess við Félag ísl. iðnrekenda, Samband ísl. samvinnufélaga og Verzlunarráð Íslands, að þau tilnefndu mann af sinni hálfu til að taka sæti í nefnd, sem endurskoðaði lög um tollskrá með hliðsjón af þeirri reynslu, sem fengin væri af framkvæmd téðra laga. Félag ísl. iðnrekenda tilnefndi af sinni hálfu Guttorm Erlendsson héraðsdómslögmann, Samband ísl. samvinnufélaga Eyjólf Leós fulltrúa og Verzlunarráð Íslands Birgi Kjaram hagfræðing. Skipaði síðan fjármálaráðherra þessa menn til þess að taka sæti í téðri nefnd. Auk þess voru skipaðir í nefndina Sigtryggur Klemenzson fulltrúi og Jón Hermannsson tollstjóri, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. — Nefndin starfaði kauplaust. — Nefndin hefur nú afhent ráðuneytinu tillögur sínar, og hefur ráðuneytið tekið upp í frumvarp þetta þær af tillögunum, sem því, eins og ástatt er, þykir ástæða til að bera fram.

Um einstök atriði þykir ástæða til að taka það fram, sem hér fer á eftir.

Um 1. gr.

1. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir því, að verðtollur af grænmeti lækki yfirleitt niður í 10%. Þá er gripið tækifærið og 7. kaflinn orðaður um, til samræmis við tillögur Þjóðabandalagsins, með því að kaflinn þykir ógreinilegur í núverandi mynd. Sjá aths. við 4. og 5. lið.

2. og 8. Með lögum nr. 98/1943 var tollskránni m. a. breytt þannig, að möndlur í nr. 38 í 8. kafla tollskrárinnar voru settar undir undirfyrirsögnina „Hnetur heilar eða muldar“, en afleiðingin af því varð sú, að muldar möndlur koma eftir þetta undir tvö tollskrárnúmer eða nr. 38 í 8. kafla og undir nr. 11 í 17. kafla. Við samning breytingarinnar á nr. 38 í 8. kafla mun þetta ekki hafa verið athugað, en sjálfsagt þykir, að þetta verði leiðrétt. Er því borin fram tillaga um það, að nr. 11 í 17. kafla verði felld niður. Þá eru stýtt ákvæðin í nr. 36—39 í 8. kafla og þau með því gerð ljósari og auðveldari í framkvæmd.
3. Vandkvæði hafa verið á því að fá keypt kartöflumjöl undanfarin ár, og hefur maisssterkja einkum verið notuð í stað þess. Notkun maisssterkju er yfirleitt hin sama og kartöflumjöls og virðist því réttmætt, að vörur þessar séu tollaðar eins. Þykir réttast að koma því fyrir á þann hátt, að nr. 15 í 11. kafla verði breytt þannig, að í stað kartöflumjöls komi kartöflumjöl og maisssterkja, og haldast þá aðrar sterkjutegundir í sama tolli og þær eru nú, en notkun þeirra er oft annars konar en notkun kartöflumjöls og maisssterkju.
4. og 5. Kókoskjarnar, sem teljast til oliuríkra aldina, eru notaðir til framleiðslu á kókosfeiti. Nú eru kjarnarnir í 7 auru vörumagnstolli og 30% verðtolli, en kókosfeitin í aðeins 2 auru vörumagnstolli og 8% verðtolli. Verður það að teljast óeðlilegt, að kjarnarnir séu tollaðir hærra en feitin, sem úr þeim er unnin, og því er umrædd breytingartillaga fyrst og fremst borin fram. En einnig er breytingartillögunni hagað þannig, að umrætt tollskrárnúmer taki til oliufræa og oliuríkra aldina, sem kókoskjarnarnir teljast til, er rétt þykir, að til sé sérstakt tollskrárnúmer fyrir vörutegundir þessar, enda í samræmi við tollskrár nágrannaríkjanna, en sem afleiðing af því, að oliurík aldini koma í sérstakt tollskrárnúmer og vegna breytingarinnar í 1. lið hér að framan, koma soyabaunir, sem nú teljast til nr. 12 í 7. kafla tollskrárinnar með 7 auru vörumagnstolli og 50% verðtolli, undir hér um rætt númer í 12. kafla, og ætlað er til, að ákveði aðeins 8% verðtoll, en farið er fram á það, að tollarnir á soyabaunum séu lækkaðir, og þykir það sanngjarnt.
6. Með tilliti til þess, að óléomargaríni er mestur hluti tólgarinnar og það er miklu frekar notað til framleiðslu á smjörliki en tólgin og tólgin er í aðeins 2 auru vörumagnstolli og 8 auru verðtolli vegna notkunar hennar í smjörliki, þykir réttmætt, að aðflutningsgjöldin af óléomargaríni verði færð til samræmis við aðflutningsgjöldin af tólg.
7. Þess hefur verið óskað, að verðtollurinn á umræddri vöru verði lækkaður úr 30% í 15%, og með tilliti til þess, að varan er mikið notuð til iðnaðar, en þó einkum vegna hins lága verðtolls eftir nr. 23 í 27. kafla, er lagt til, að verðtollurinn verði lækkaður, eins og farið er fram á.
9. Á það hefur verið bent, að eðlilegast sé, að lakkrísvörur og sykraudur lakkrís séu í sömu tollum og sykurvörur, enda oft erfiðleikum bundið að skera úr því, hvort tiltekin vara á heldur að teljast til sykurvara eða lakkrísvara. Það er því lagt til, að tollarnir á lakkrísvörum og sykruðum lakkrís verði hækkaðir til samræmis við tollana á sykurvörum, enda hafa þessar tvenns konar vörur lengst af verið í sömu tollum.
10. Lengst af hefur saft og eftirlíking þess, litað sykurvatn með kjörnum, verið tollað á sama hátt, enda í samræmi við það, sem annars staðar tíðkast. Eftir tollskránni er litað sykurvatn með kjörnum tollað margfalt hærra en saftir og meira að segja hærra en sumar vintegundir, sbr. t. d. nr. 9 í 22. kafla. Nær þetta vitanlega engri átt, og mun það af vangá gert. Með breytingartillögunni er lagt til, að tollarnir á lituðu sykurvatni með kjörnum séu færðir til samræmis við tollana á saftinu, eins og þeir eru ákveðnir eftir nr. 19 í 20. kafla tollskrárinnar. Þá hefur verðtollurinn af saftinu verið lækkaður í 10% með auglýsingu nr. 74/1943, settri með heimild í lögum nr. 61/1943. Með f-lið 3. gr. frumvarpsins er fjármálaráðu-

neytinu, meðan notuð er fyrrgreind heimild til að lækka tollana á saftinu, gefin heimild til að lækka tollana eftir nr. 9 í 21. kafla, eins og þeir verða, og er gert ráð fyrir, að þessi heimild sé notuð til þess, að tollarnir á hinum hliðstæðu vörum, saftinu og lituðu sykurvafni með kjörnum, verði færðir til samræmis hvor við annan.

11. Það þykir ekki sanngjarnt að heimta vörumagnstoll af gashylkjum, sem eru lánuð eða leigð hingað til lands og endursend eru aftur að notkun lokinni. Lagt er því til, að ákvæði athugasemdarinnar taki ekki aðeins til verðtolls, heldur og til vörumagnstolls.
12. Þess hefur verið óskað, að lækkaður yrði verðtollur á svonefndu agatóli úr 30% í 8%, en agatól er krómsýrupraeparat, sem notað er til að hreinsa acetylengas. Er krómsýran einasta efnið í agatólinu, sem hefur nokkur hreinsandi áhrif á acetylengasið, og telst agatól þess vegna til 28. kafla 13 með ýmsum sýrum. Langflestar þær sýrur, sem til þessa tollskrárnúmers teljast, eru notaðar til einhvers konar iðnaðar á sama hátt og agatól. Er þess vegna engin sérstök ástæða fyrir hendi að skilja krómsýru frá hinum sýrunum og setja hana í sérstakt tollskrárnúmer. En það er sanngjarnt, að allar þessar sýrur séu tiltölulega lágt tollaðar, og er því lagt til, að verðtollurinn eftir nr. 13 í 28. kafla verði lækkaður úr 30% í 8%.

Þess má geta, að acetylengas það, sem agatólið er notað til hreinsunar á, er hér á landi aðallega notað til logsuðu og sem ljósagas, einkum í vitum.

13. Þess hefur verið óskað, að lækkaðir verði tollarnir á unnum, en ósaumuðum loðskinnum, en loðskinn, einkum ýmissa smádyra, hafa talsvert verið notuð hér á landi sem fóður í hanzka, húfur, stígvél og aðra skó, en allar þessar vörur, sem loðskinnin eru notuð í, eru í lægra tolli en loðskinnin. Þykir því rétt að lækka nokkuð tollana á unnum, en ósaumuðum loðskinnum, en þó ekki meira en lagt er til í frumvarpinu.
14. Þess hefur verið óskað, að verðtollur af hemlockvið verði lækkaður úr 15% í 8%, en hemlockviður er viður af trjátegundinni hemlockgreni, og er hann að ýmsu leyti skyldur greni og notaður í svipuðu skyni. Þykir því rétt að fallast á umbeðna tollalækkun, og virðist henni bezt fyrir komið eins og gengið er frá henni í frumvarpinu.
15. Þess hefur einnig verið óskað, að verðtollur af svo nefndum basswood verði lækkaður úr 15% í 8%, en basswood er viður af sérstakri linditegund, amerísku linditré (*Tilia americana*). Er sú viðartegund notuð á sama hátt og annar lindiviður, frekar lítið í grófar trésmíðar, en töluvert í fingerðari trésmíðar, en þó ekki til skrauts. Hér á landi er viður þessi einkum notaður við innanhússmíðar og í húsgögn. Er því ekki ósanngjarnt, að hann sé látinn sæta sömu tollmeðferð og birki og hlynur og askur, og virðist því bezt fyrir komið með því, eins og gert er í frumvarpinu, að bæta við nýju tollskrárnúmeri og að númer þetta taki til lindiviðar yfirleitt, því að ekki er ástæða til að greina á milli lindiviðar og hinnar sérstöku tegundar, basswood.
16. og 27. Þess hefur verið óskað, að verðtollur af skósmíðaleistum verði lækkaður úr 30% í 15%, en skósmíðaleistar eru notaðir við skósmíðar. Af þeim ástæðum og einkum ef höfð er hliðsjón af verðtollum þeim, sem er á flestum smíðatólum, sbr. nr. a. nr. 71—80 í 63. kafla, verður fallizt á réttmæti umræddrar verðtollslækkunar, og því er hér umrædd breytingartillaga borin fram.
17. Rétt þykir, að vaxbornar pappambúðir utan um aðrar innlendar framleiðsluvörur en frystan fisk komi í sömu tolla og umbúðirnar utan um fiskinn, enda ógerlegt að fylgjast með því, hvort umbúðirnar eru notaðar utan um fisk eða annað. Því er lagt til, að orðin: „um frystan fisk til útflutnings“ verði felld niður.
18. Það er eðlilegast, að sami tollur sé á linoleum eða gólfdukk með vefnaðarundir-

- lagi og gólfduík með undirlagi úr pappu og pappír eða án undirlags. Umrædd breytingartillaga er borin fram til að samræma tollana á þessum tvenns konar vörum.
19. Farið hefur verið fram á lækkun á verðtollinum á teygjuböndum, og þegar annars vegar er höfð hliðsjón af tollum þeim, sem eru á lífstykkjum, korselettum, brjóstahöldurum og því líkum vörum, sbr. nr. 26 og 27 í 52. kafla, og hins vegar á tollum þeim, sem eru á teygjuböndum, en þau eru einkum notuð í fyrnefndar vörur, þykir ekki ósanngjarnt að færa verðtollinn á teygjuböndum lítið eitt niður og hafa hann hinn sama og af böndum og borðum. Er því lagt til, að verðtollur eftir nr. 39 í 50. kafla lækki úr 45% í 40% og verðtollurinn eftir nr. 40 í sama kafla úr 40% í 30%.
 20. Á það hefur verið bent, að munurinn á tollinum á efnivörum í regnkápur og regnkápunum sjálfum sé aðeins 5% í verðtolti, sbr. nr. 35 í 50. kafla. Eins hefur verið á það bent, að ekki sé ástæða til að tolla regnkápur lægra en aðrar kápur og fatnað. Virðist hér vera rétt með farið, og er því lagt til, að verðtollurinn eftir nr. 2 í 52. kafla verði færður upp í 50% úr 35%.
 21. Það þykir rétt, eins og lagt hefur verið til, að láta strigaskó með kátsjúksólum fylgja öðrum kátsjúkskófátnaði. Þessu virðist bezt fyrir komið á þann hátt, að fella alveg niður nr. 9 í 54. kafla. Koma þá strigaskór með kátsjúksólum undir nr. 8 í 54. kafla, en strigaskór með leðursólum undir nr. 4 í 54. kafla.
 22. Glerull er mjög mikilsvert efni til margs konar iðnaðar, og er hún einkum notuð til hitaeinangrunar hér á landi. Hún á að réttu lagi að teljast til nr. 26 í 60. kafla, en tollarnir eftir því númeri eru óeðlilega háir á slíkri vöru. Er því borin fram hér umrædd breytingartillaga, en hún verkar þannig, að glerull kemur í 1 eyris vörumagnstoll og 8% verðtoll. Enn fremur er lagt til, að gerðar verði lítills háttar orðalagsbreytingar.
 23. Síðan ófriðurinn hófst, hefur verið erfitt að fá sívöl umbúðaglös, og hafa því verið flutt inn í þeirra stað ýmiss konar önnur glös, sem hafa þá verið notuð í stað hinna sívölu. Á Norðurlöndum að minnsta kosti hafa sívöl glös verið talin „typisk“ lyfjaglös, en ástæða hefur þótt til að tolla lyfjaglös lægra en önnur glös til umbúða yfirleitt. Vegna fyrrgreindra örðugleika á að ná í sívöl glös og vegna þess, að ýmis nauðsynleg umbúðaglös koma auk þess undir nr. 19 í 60. kafla, er lagt til, að verðtollurinn eftir þessu tollskrárnúmeri lækki úr 30% í 15%. Þá er lagt til, að orðunum „til umbúða“ verði bætt í fyrirsögnina að nr. 16–19, en orðunum „tóm til umbúða“ í nr. 17 verði sleppt, svo að þau valdi ekki misskilningi.
 24. Það er gömul regla í íslenskri tollalöggjöf að tolla hærri vir gressni en 2 ninn en þann, sem er gildari. Lágú til þess sérstakar ástæður, sem eru í raun og veru ekki lengur fyrir hendi. Virðist því ekki ástæða til að halda lengur tvískiptingu þeirri, sem nú er í tollskránni, og er því lagt til, að eftirleiðis verði allur vir tollaður eins og á sama hátt og járn og stál í stöngum.
 25. Snjókeðjur á bifreiðar verða að teljast nauðsynjavara hér á landi, og er því lagt til, að vörumagnstollurinn á þeim verði lækkaður úr 7 aurum í 2 aura og verðtollurinn úr 30% í 10%, en það eru sömu tollar og eru á varahlutum í bifreiðar.
 26. og 28–30. Frá gamalli tíð hafa pottar og pönnur verið í lægra verðtolti en önnur búsaöhöld. Fyrir áhrif frá þessu var þetta látið haldast í tollskránni. Þetta verður þó að teljast óeðlilegt, enda veldur það bæði örðugleikum í verðlagningu og við tollskoðun. Lagt er því til, að pottar og pönnur verði eftirleiðis í sömu tollum og önnur búsaöhöld, en þessari breytingu virðist bezt fyrir komið þannig, að búsaöhöld þau, sem teljast til 63., 64., 65. og 66. kafla tollskrárinnar, verði aðeins í einu tollskrárnúmeri í hverjum kafla og þessi númer ákveði 7 aura vögumagnstoll og 30% verðtoll, eins og áður var á öðrum búsaöhöldum en pottum og pönnum.
 31. Borðbúnaður (borðhnífar, gafflar og skeiðar) með góðmálmshúðun (úr pletti)

er nú tollaður svo sem hann væri allur úr góðmálmi með 7 auru vörumagnstolli og 50% verðtolti. Rétt þykir, með því að borðbúnaður úr pletti er mjög almennt notaður og verður ekki talinn munaðarvara, að tolla hann sem borðbúnað úr ódýrum málmum.

32. og 33. Eftir áskorun frá kvenfélagasambandi Íslands er lagt til, að þvottavélar og hrærivélar, sem nú er nokkuð farið að nota og taldar eru húsmæðrum til mikils léttis í störfum þeirra, verði framvegis í sama tolli sem kæliskápar.
31. Vegna þess, hvílik nauðsynjavara vatnsmælar eru, þykir rétt að leggja til, að verðtollurinn af þeim verði lækkaður úr 30% í 8%, en þessu þykir bezt fyrir komið með því að láta vatnsmæla fylgja gasmælum, því að hvorir tveggja mæla rúmmál.

Um 2. gr.

Við síðast liðin áramót féll úr gildi undanþáguákvæðið í m-lið 2. gr. tollskrálaganna. Með því að fram hafa komið beiðnir um það, að undanþáguákvæðið verði framlengt, og ástæður þær, sem voru því valdandi, að undanþáguákvæðið var sett, eru enn fyrir hendi, þykir rétt að leggja til, að það verði látið gilda fyrst um sinn. Hins vegar þykir heppilegra, framkvæmdarinnar vegna, að fjármálaráðuneytinu verði gefin heimild til að veita undanþáguna. Getur ráðuneytið þá án lagabreytingar felld niður undanþáguna, ef ástæður breytast. Heimildarákvæðið verður því í frumvarpinu sett inn sem h-liður í 3. gr. laganna.

Um 3. gr.

- e. Filmur til svonefndrar litoprentunar eru nú í 7 auru vörumagnstolli og 35% verðtolti, en það er miklu hærri tollur en er á efnivörum til hliðstæðra iðngreina. Því hefur verið haldið fram, að þessi háí tollur á filmunum háí mjög hinn innlendu litoprentun, bæði í samkeppni við erlendar iðngreinar sams konar og hliðstæðar innlendar. Vegna þessa er lagt til, að fjármálaráðuneytið fái heimild til að endurgreiða aðflutningsgjöld af filmum, sem eru notaðar í framangreindu skyni.
- f. Um þennan lið vísast til þess, sem segir um 10. lið 1. gr. frumvarpsins.
- g. Það hefur átt sér stað í nokkur skipti undanfarið, að skinn hafa verið send frá Færeyjum til sítunar. Með lækkun eða niðurfellingu aðflutningsgjalda væri hægt að stuðla að því, að vörur væru fluttar hingað til aðgerða eða annarrar aðvinnslu meira en verið hefur, og þess vegna er borin fram tillaga sú, sem felst í fyrri hluta umrædds stafliðs. Eins og kunnugt er, eru mjög takmörkuð ákvæði um tollfrjálsan transitflutning, en þau er að finna í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 53/1907, um tollvörugæymslu og tollgreiðslufrest, sbr. 22. gr. laga nr. 62/1939, um tollskrá, og 4. mgr. 31. gr. laga nr. 63/1937, um tollheimtu og tolleftirlit. Með því að það hefur komið í ljós, að fyrir geta komið þau tilvik, að ósanngjarnt sé að heimta aðflutningsgjöld af vörum, sem af sérstökum ástæðum, t. d. vegna samgönguörðugleika, þarf að setja hér á land til endurútflytninga til annarra landa, er borin fram tillaga sú, sem felst í síðari hluta hér umrædds stafliðs, en í báðum hér umræddum tilvikum þykir rétt, að þeir, sem njóta góðs af leyfðum viðgerðarinnflutningi eða milliflutningi, greiði tollstjórninni fyrir ómak það, sem hún kann að hafa vegna eftirlits með umræddum innflutningi, vörugæymslu og endurútflytningi.
- h. Vísast til aths. við 2. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Þegar ýmsar vörutegundir eru í sömu umbúðum, þarf nú að greiða af öllum vörunum þann vögumagnstoll, sem hvílir á þeirri af vörunum, sem ber hæstan vörumagnstoll, sé hann ekki hærri en 0.20 af tolleiningu. Þessi regla er óeðlileg, og þykir því rétt að breyta henni, svo að allar vörur beri þann toll, sem þeim er ætlað, án tillits til þess, þótt af þessu kunní stundum að stafa aukin fyrirhöfn.

Um 5. gr.

Afsláttur, sem alment er veittur í viðskiptum, verður að sjálfsgöðu að teljast til lækkunar vöruverðinu og því algerlega óeðlilegt, að tollur sé greiddur af slíkum afslætti. Þetta hefur að vísu verið tekið upp í reglugerð, en þykir rétt, að þetta sé beint tekið fram í lögum.

Um 6. gr.

Rétt þykir, að ákveðið sé með lögum, að tollstarfsmenn eigi ekki aðgang að bóku-um og bréfum innflytjenda, nema með skriflegum úrskurði tollyfirvalds.